

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og skattanefnd**  
**b/t Eiríks Áka Eggertssonar**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 19. mars 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. (445. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að virðisaukaskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda verði tryggður forgangur við gjaldþrotaskipti.*

Viðskiptaráð Íslands hefur einnig skilað inn umsögn um frumvarp til laga um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri, 446. mál, sem lagt var fram samhliða ofangreindu frumvarpi. Haldast þessi frumvörp í hendur að ákveðnu marki og vísast því til umsagnar Viðskiptaráðs um 446. mál samhliða þessari umsögn.

Athuga verður að frumvarpið ber ekki með sér að haft hafi verið samráð við réttarfarsnefnd þegar það var unnið eins og eðlilegt er í málum er varða þetta svið. Ef það er reyndin að svo hafi ekki verið gert leggur Viðskiptaráð til að nefndinni verði fengið frumvarpið til skoðunar.

Með framlagningu á ofangreindu frumvarpi er horfið aftur til fyrirkomulags sem var afnumið með lögum [nr. 78/1989](#). Það fyrirkomulag, að hafa kröfur vegna virðisaukaskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda sem forgangskröfur, var umdeilt á sínum tíma og segir meðal annars í frumvarpi með lögum er afnámu slíkan forgang:

*„Er þetta í samræmi við þær tillögur sem nú nýlega eru fram komnar í Danmörku og Noregi. Um langt skeið þótti sjálfsagt að tryggja kröfur konungsins og annarra opinberra aðila sem best og að veita þeim forréttindi umfram aðra kröfuhafa. Það er vart lengur almennt viðhorf að kröfur opinberra aðila eigi að njóta sérréttinda. Að auki er þess að gæta að slíkar kröfur, fyrst og fremst skattkröfur, eru nú oft svo háar að forgangsréttindi þeirra rýra möguleika annarra kröfuhafa til að fá greiðslu upp í kröfur sínar.“*

Einnig sagði:

*„Er vandséð hverjar ástæður liggja þar að baki [slíkar kröfur sem forgangskröfur], ekki síst þegar litið er til þess að innheimtumenn opinberra gjalda og virðisaukaskatts hafa margvísleg lögákveðin úrræði til innheimtu fram yfir hinn almenna kröfuhafa. Hér er því um mikið réttlætismál að ræða, m.a. hvað varðar grundvöll kröfuréttinda almennt og réttarstöðu aðila í viðskiptum.“*

Þær forsendur sem lágu að baki því að forgangur var afnumin á sínum tíma var því í raun vernd annarra kröfuhafa og að ríkissjóður væri þá þegar í betri aðstöðu en þeir til innheimtu. Það verður því að efast um að ástæða sé til að endurvekja slíkan forgang og með því rýrðir möguleikar annarra

kröfuhafa, sem margir hverjir eru sjálfir innlendir aðilar sem valtir standa sökum efnahagsástandsins ásamt hinum almenna launamanni, til að fá greiðslu upp í kröfur sínar.

Þau sjónarmið sem vísað er til í greinargerð frumvarpsins er að tryggður sé betur réttur ríkissjóðs við gjaldþrot með vísan til breytinga í efnahagslífinu og skil á skuldum við ríkissjóð. Ekki verður deilt um að staða ríkissjóð sé bágborin og að efnahagsaðstæður séu með verra mótí, en þær eru þó ekki fjarri því sem var þegar forgangur umræddra skatta var afnuminn í lok 8. áratugs síðustu aldar þegar verðbólga var um 20%. Það er því ekki ljóst hvort ofangreint sjónarmið eigi frekar við í dag.

Aðgerðir til að auka tekjur og draga úr útgjöldum ríkissjóðs eru vissulega nauðsynlegar í þeirri stöðu sem uppi er í dag. Það verður hins vegar að gæta að heildaráhrifum slíkra aðgerða og hvort um sértækar tímabundnar aðgerðir er að ræða eða hvort um varanlega breytingu er að ræða. Eðlilegt væri því, með vísan í röksemdir greinargerðar og ofangreind rök með lögum nr. 78/1989, að forgangur skv. frumvarpinu ætti aðeins við um tilteknar kröfur sem myndast á ákveðnu tímabili. Til að mynda væri mögulegt að binda forgang við kröfur þær sem 446. mál nær til.

Vísað er í frumvarpinu til aðstæðna í dag, verður þá að spyrja hvort það sé þá ætlun stjórnvalda að fella aftur úr gildi ákvæði þessi þegar ástand er orðið betra, með vísan í tilvitnun hér að framan, eða hvort um framtíðar breytingu er að ræða?

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarp þetta nái ekki fram að ganga.**

Virðingarfyllst,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands